



Byggðaráð Dalabyggðar  
Skúli Hreinn Guðbjörnsson, formaður

Reykjavík, 20/4 2021

### Efni: Tæming rotþróa í Dalabyggð 2021-2023

Tilboð í tæmingu rotþróa í Dalabyggð voru opnuð þann 19/4 sl. Tvö tilboð voru lögð fram og var mjótt á munum. Tilboð Hreinsitækni var um 34 þúsund krónum hærra pr ár en tilboð Verkvals. Þarna munaði um 0,8% á milli bjóðenda. Í ljósi þess langar undirritaðan að benda á nokkur atriði sem ég tel að skipti máli fyrir þau sveitarfélög sem Hreinsitækni vinnur fyrir.

Ég trúi því að eftirfarandi atriði skipti máli við ákvörðun:

1. Hreinsitækni hefur kappkostað að fjárfesta í nýjum tækjum til að þjónusta holræsi og rotþrær. Stór hluti tækjabúnaðarins er með aðalvélar sem uppfylla EUR 6 staðal. Slíkur búnaður skilar frá sér rúmlega 30% minni útblæstri en búnaður með aðalvélum með EUR 5. Við höfum talið eðlilegt að aðilar sem veiti umhverfistengda þjónustu leggi sitt á vogarskálarnar til að minnka umhverfisáhrif af starfseminni. Hreinsitækni er eini þjónustuaðili landsins sem rekur rotþróarbíla með EUR 6 og aðeins Hreinsitækni og Veitur eiga holræsabíla með vélum sem uppfylla þá staðla. Því má reikna með að umhverfisáhrif af rotþróatæmingum verði minni en ef aðrar leiðir eru farnar.
2. Hreinsitækni þekkir Dalabyggð vel eftir langa þjónustu. Að sama skapi á Dalabyggð að þekkja vel til vinnubragða Hreinsitækni. Við leggjum áherslu á að stytta okkur hvergi leiðir í þjónustunni, meðvituð um að þjónustubrestur leiðir til óþæginda fyrir neytendur.
3. Hreinsitækni leggur áherslu á gott aðgengi kaupanda þjónustunnar að upplýsingum um hana í gegnum veflausnir. Við erum í því samhengi fúsir til að skrá niðurstöður losana inn í map.is, Dalabyggð að kostnaðarlausu. Verðkönnunin gerir ekki ráð fyrir að þetta sé gert, en við gerum þetta víða og það skilar verkkaupa áþrefanlegum ávinningi.
4. Hreinsitækni leggur áherslu á að skilja fótspor sín eftir í þeim sveitarfélögum sem það starfar og hefur ekki kappkostað að hafa þau grunn. Við gerum það með því að kaupa alla þjónustu sem tengist starfseminni á vettvangi, þ.m.t. gistingu, veitingar, olíu, rekstrarvörur og aðra þjónustu. Sá háttur verður hafður á í Dalabyggð, hljótum við verkið.

Dalabyggð hefur samkvæmt skilmálum verðkönnunarinnar fullt frelsi til að taka þær ákvarðanir um þessi þjónustukaup sem réttar eru taldar. Ég vona að tekið verði tillit til framangreindra atriða þegar ákvörðun verður tekin um þessi viðskipti. Við erum tilbúin til að setjast niður og ræða málið frekar.

F.h. Hreinsitækni ehf,



Björgvin Jón Bjarnason, framkvæmdastjóri